


## Veltuvísitala notaðra bíla

Hér er í fyrsta sinn birt veltuvísitala notaðra bíla og upplýsingar um fjölda notaðra bíla sem 11 stærstu bílaumboðin og bílasalar seldu síðustu þrjá mánuði. Sambærilegar upplýsingar verða framvegis birtar mánaðarlega. Niðurstöðurnar byggja á tölum sem bílasalarnir láta Rannsóknasetri verslunarinnar í té mánaðarlega. Áætlað er að þær bílasölur sem eru í úrtakinu selji meirihluta þeirra notuðu bíla sem seldir eru hér á landi. En mikilvægt er samt að hafa í huga að tölurnar sýna ekki heildarumfang í sölu notaðra bíla heldur eiga að gefa góða vísbendingu um þróunina á þessum markaði á hverjum tíma. Mánaðarlegar tölur um veltu og fjölda seldra notaðra bíla byggja alltaf á upplýsingum frá sömu bílasölum.


Upplýsingagildið um mánaðarlegra bílasölu vex með tímanum. Einkum og sér í lagi þegar hægt verður að bera saman þróunina milli ára og þannig hægt að taka tillit til árstíðabundinna sveiflna.

Skilgreiningin á veltu notaðra bíla hjá bílaumboðum er velta í sölu á bílum sem umboðin selja. Ekki kemur fram fjöldi eða verðmæti þeirra bíla sem bílaumboðin kaupa eða eiga hverju sinni. Þetta horfir öðruvísi við hjá almennum bílasölum sem eiga ekki þá bíla sem þeir selja heldur hafa milligöngu um sölu þeirra. Þá er miðað við veltu í þeim bílaviðskiptum sem bílasalarnir hafa milligöngu um í hverjum mánuði. Þegar tveir einstaklingar skipta um bíla sín á milli fyrir milligöngu bílasala er samanlagt söluverðmæti beggja bílanna, sem skipta um eigendur, tekið með í veltutölunum.

Nánari upplýsingar veita Emil B. Karlsson ([emil@bifrost.is](mailto:emil@bifrost.is)) og Kári Joensen ([kari@bifrost.is](mailto:kari@bifrost.is))



Velta	des.08	jan.09	feb.09
Vísitala	100,0	166,2	148,6



Fjöldi	des.08	jan.09	feb.09
Fólksbílar	372	559	516
Jeppar	228	465	321
Atvinnubíla	52	55	59
Annað	82	86	76